

um frumvarp til laga um húsnæði í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem flutt er af þingmönnum Reykjavíkur og samið og samþykkt af bæjarstjórninni, hefir nefndin rætt á allmörgum fundum sínum. Nokkru eftir að frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar, sendi borgarstjóri nefndinni frumvarp til reglugerðar um húsaleigu í Reykjavík, sem bæjarstjórnin hafði í smíðum og koma átti í stað húsaleigulaganna. Frumvarpi þessu fylgdu breytingartillögur, sem fram voru komnar frá nokkrum bæjarfulltrúum. Frumvarpið hafði ekki verið borið undir atkvæði í bæjarstjórninni; en borgarstjóri, sem átti tal við nefndina um málið, taldi víst, að það yrði samþykkt með þeim breytingum, sem nefnd sú í bæjarstjórninni, er kosin var til að undirbúa málið, hefði fallist á.

Eftir allnákvæman samburð á frumvarpinu, með breytingartillögum, og húsaleigulögunum, þá afreð nefndin að skrifa borgarstjóra og mæltist til þess, að bæjarstjórnin legði síðustu hönd á reglugerðina áður en nefndin afgreiddi málið.

Nú hefir nefndin fyrir nokkru fengið brjef frá borgarstjóra, þar sem skýrt er frá því, að umrætt frumvarp til reglugerðar hafi verið fellt á bæjarstjórnarfundi með eins atkvæðis mun.

Það er alkunnugt, að húsaleigulögin hafa frá öndverðu verið mjög óvin-sæl af meginþorra húseigenda, enda verður því ekki neitað, að sum ákvæði þeirra ganga mjög nærri eignarrjetti manna.

Eins og ástátt var hjer í bæ 1917, þegar lög þessi voru samþykkt, þá verður því þó tæplega mælt í gegn, að brýn nauðsyn hafi verið á því að gefa út lög um þetta efni. Um hitt má auðvitað deila, hversu tekist hafi með þessa laga-smíð og framkvæmd laganna. Eftir upplýsingum þeim, sem nefndin hefir fengið hjá borgarstjóra og fleirum, sem nefndin hefir átt tal við um þetta mál, þá virðist víða hjer í bæ vera komið í mjög óvænt efni um sambúð og samkomulag húseigenda og leigjenda, og er svo af því látið, að það horfi sumstaður beinlínis til vandræða, og sje sist fyrir að synja, hversu fer að lokum, sje engu um þokað.

Þetta ástand er vissulega þess vert, að því sje gaumur gefinn, og bendir ótvírætt til þess, að full þörf sje einhverra breytinga á lögunum.

En þó svo kunni að vera, þá dylst nefndinni það ekki, að tæplega sje gerlegt, enn sem komið er, eða á það hættandi að afnema húsaleigulögin, án þess að nokkuð komi í staðinn, enda munu flestir vera sammála um það.

Fyrir þinginu liggja nú engar tillögur um breytingar á húsaleigulögunum sjálfum, en hins vegar full ástæða til að það mál sje gaumgæfilega athugað, og þykir nefndinni því ekki illa til fallið að veita einmitt bæjarstjórninni heimild til að gefa út reglugerð um húsaleigu.

Bæjarstjórnin ætti að sjálfsögðu að standa best að vígi með það að sníða af verstu annmarkana, sem á húsaleigulögunum kunna að vera, gæta rjettar og

hagsmuna beggja málsaðilja, og yfirleitt skipa þessu máli eftir því, sem hagkvæm-
ast þykir og best á við.

En samkvæmt því, sem áður er sagt, að nefndinni virðist mjög varhuga-
vert, að húsaleigulögin sjeu að svo komnu afnumin, án þess nokkuð komi í þeirra
stað, og með hliðsjón af því, hvernig um þetta húsaleigumál fór í bæjarstjórninni
fyrir skemstu, þá vill nefndin tryggja það, að húsaleigulögin falli ekki úr gildi
fyr en reglugerð um þetta efni hefir verið staðfest, og leggur því til, að frumvarpið
verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr.

Orðin »þó eigi síðar en eftir 4 vikur« falli burt.

Alþingi, 26. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Björn Hallsson,
fundaskrifari, með fyrirvara.

Einar Þorgilsson,
framsm.

Stefán Stefánsson.

Pjetur Ottesen.